

## Sjúkraþjálfari í heilsugæslu HSA

HSA fór árið 2016 af stað með nýtt þróunarverkefni á landsvísu, sem gengur út á að sjúkraþjálfari starfi við hlið lækna og hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni. Hefur það gefið góða raun og fleiri fylgt fordæmi HSA í þessum efnum.

Bak- og aðrir stoðkerfisverkir eru mjög algengir og orsaka mikinn hluta óvinnufærni. Stór hluti bakverkja er vegna starfrænna ástæðna og leið að lausn er ekki síst í gegnum almenna og sértæka líkamlega þjálfum og réttar vinnustellingar. Sjúkraþjálfarar eru sérmenntaðir í stoðkerfi líkamans og þ.a.l. í að greina frávik í virkni þess. Því fyrr sem sjúkraþjálfari kemur að vandamáli þar sem sérþekkingar hans er þörf, því meiri líkur eru á skjótari og betri bata.

Með því að hafa sjúkraþjálfara inni á heilsugæslu þar sem aðrar starfsstéttir umgangast hann og eiga gott aðgengi að honum læra þær að nýta sér styrkleika hans og þverfaglegt samstarf eykst. Hefð er fyrir starfi sjúkraþjálfara í heilsugæslunni í Svíþjóð og fleiri þjóðir hafa tekið þetta upp s.s. Finnar og Skotar.

### Viðfangsefni sjúkraþjálfara í heilsugæslu eru:

- Frumgreining
- Ráðgjöf
- Leiðbeiningar t.d. um æfingar
- Ekki hefðbundin meðferð

Einstaklingar geta óskað eftir tíma hjá sjúkraþjálfaranum við móttökuritara eða annað heilbrigðisstarfsfólk.

### Viðvera sjúkraþjálfara í heilsugæslu HSA:

Mánudaga: Egilsstaðir.

Þriðjudaga: Fáskrúðsfjörður

Miðvikudaga: Eskifjörður

Fimmtudaga: Egilsstaðir

Sjúkraþjálfari heilsugæslunnar er með fræðslu í grunnskólum um líkamsbeitingu, sem og á vettvangi skipulagðra samverustunda nýbakaðra foreldra með ungbörn sín.

Athugið að eins og áður starfa sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar á endurhæfingardeildum HSA og vísa læknar til þeirra.